

**Eð.**

## **62. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.

Flutningsmaður: Jóhann Jósefsson.

### 1. gr.

Aftan við fyrstu grein laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Sama vald veitist bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, enda nái öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufjelög einnig til bæjarstjórnar og bæjarfjelags Vestmannaeyja.

### 2. gr.

Í stað »5—500« i 8. gr. komi: 50—500.

### 3. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Lög nr. 23, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg ákvæði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## **Greinargerð.**

Öll ákvæði laga nr. 86, frá <sup>14/11</sup> 1917, eru miðuð við sýslunefndir.

Vestmannaeyjasýsla er nú öll orðin kaupstaður, og ná því lög þessi ekki til Eyjanna, nema ákvæði sje sett í þau, sem mæli svo fyrir. Fiskiveiðasamþyktin í Vestmannaeyjum er orðin úrelt, þar eð hún aðeins heimilar að gera samþyktir um eftirlit með bátum 15 smálesta eða minni.

Nú er fjöldi báta orðinn stærri en svo, að samþyktin ná til þeirra, þó veiðar sjeu stundaðar á þeim á alveg sama hátt og hinum, sem henni verða að hlíta, og veldur þetta misrjetti.

Þau lög, sem hjer er farið fram á að megi ná til Vestmannaeyjakaupstaðar, heimila að gera samþyktir um ýmislegt veiðarnar snertandi á bátum, sem eru 30 smalestir eða minni.

Lágmark sekta, sem ákveðið er í lögum þessum (5 kr.), er alt of lágt. Er það alt of litið aðhald fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að hafa sektir svo lágar. Er því hjer farið fram á, að lágmarkið sje sett 50 kr.